

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 345,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Vatnsgjald skv. vatnsmæli kr. 16,93 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Heimæðargjald er kr. 13,25 fyrir hvern rúmmetra húss, en lágmarksgjald kr. 6 108,00. Verð hemlagrindar er kr. 3 054,00.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

24. maí 1982.

Nr. 292.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 45,79 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjald kr. 76,83 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist svo:

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 4 767,00 og síðan kr. 9,53 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*